Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
Association of Icelandic Film Producers

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
postur@mrn.is

Reykjavík, 5. október 2018

**Efni: Umsögn um drög að reglugerð um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku, mál nr. S-137/2018**

SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (hér eftir „**SÍK**") fagnar fyrirhuguðum breytingum á reglugerð um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi, þá sérstaklega nýrri málsgrein (3.mgr. 4. gr.) sem kveður á um að sýningastyrkir skuli nema allt að 20% af heildarsölutekjum kvikmynda.

SÍK telur eðlilegt að sýningarstyrkir verði festir í 20% viðmiðinu og að fjármagn til þessa verði tryggt á hverju ári. Þetta er ákvæði sem kvikmyndagerðamenn hafa talað fyrir um síðan árið 2012 og með þessum breytingum yrði jafnræði tryggt á milli framleiðenda og verkefna þeirra.

Virðingafyllst,

Kristinn Þórðarson,
formaður SÍK